

**Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi**

Sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. desember 2023

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands – 542. mál á 154. löggjafarþingi

Þjóðskrá Íslands vísar til umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 30. nóvember sl., um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir (útbætur í brunavörnum), þingskjal 638 – 542. mál.

Þjóðskrá Íslands fagnar framkomnu frumvarpi og telur þær breytingar er í því felast mikið framfaraskref á sviði lögheimilisskráninga. Stofnunin hefur engar efnislegar athugasemdir, en vill þó óska eftir því að gildistöku *b. liðar 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins*, um heimild þinglýsts eigenda fasteignar til að ákveða hversu margir einstaklingar megí hafa lögheimili í fasteign hans, verði frestað til **1. febrúar 2025**, sbr. *15. gr. frumvarpsins*.

Umrædd breyting er kerfislega flókin og krefst innleiðing hennar umfangsmikillar vinnu forritara og annarra sérfræðinga Þjóðskrár Íslands. Síðustu misseri hefur staðið yfir vinna við smíði nýs skráningarkerfis frá grunni og er stefnan sett á að klára það við upphaf árs 2025. Í stað þess að breyta eldri kerfum á þá leið að þau geri ráð fyrir fjöldatakmörkun þinglýsts eiganda skv. *b. lið 1. mgr. 2. gr.*, telur stofnunin mun meira hagræði fólgið í því að innleiða breytinguna beint í nýja skráningarkerfið.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Finnur Marteinn Sigurðsson
lögfræðingur

**Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland**

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is